

Sp.

467. Fyrirspurnir.

[174. mál]

I. Til ríkisstjórnarinnar um landshöfn í Rífi.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

1. Hve miklu fé hefur verið varið samtals til byggingar landshafnar í Rífi til síðustu áramóta?
2. Hve mikið fé er talið að þurfi til að fullgera umrædda landshöfn?
3. Hafa nokkur mistök átt sér stað í sambandi við byggingu þessarar hafnar, þannig að um tvíverknað hafi verið að ræða, og ef svo er, hve miklum aukakostnaði hafa þá slík mistök valdið, eða er áætlað að þau muni valda?

II. Til ríkisstjórnarinnar um áburðarverð.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

1. Hvaða verð fékk Áburðarverksmiðjan h/f fyrir þann áburð f. o. b., sem fluttur hefur verið úr landi?
2. Hvaða verð hefur verið greitt fyrir áburð frá sömu verksmiðju á innanlandsmarkaði, kominn í skip í Reykjavíkurhöfn?

III. Til ríkisstjórnarinnar um Marshallán eða framlag, sem tekið var eða veitt í ágúst 1948.

Frá Bergi Sigurbjörnssyni.

1. Var Marshallfé það, sem Ísland fékk í ágúst 1948, veitt sem afturkræft lán eða gjöf?
2. Hvernig var þessu fé ráðstafað, og hver ráðstafaði því?
3. Hlutu allir aðilar, sem lánið fengu, sömu kjör um endurgreiðslu?
4. Hafa allir aðilar, sem lánið fengu, gefið út skuldabréf til ríkissjóðs fyrir sínum hluta af láninu?